

Mánudaginn 14. nóvember 1994.

Nr. 436/1994.

Ísafoldarprentsmiðja hf.

(Leó Löve hdl.)

gegn

Halldóru Jónsdóttur og

Unni Maríu Figved

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

og

Halldóra Jónsdóttir og

Unnur María Figved

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Ísafoldarprentsmiðju hf.

Leó E. Löve

(Leó Löve hdl.)

Birgi Páli Jónssyni

Jóni Guðmundssyni

(Skúli Pálsson hrl.) og

Eygló Guðmundsdóttur

Kærumál. Málskostnaður. Frávísun frá Hæstarétti. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 20. október 1994, sem barst með kærumálgögnum 1. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 6. október 1994, þar sem sóknaraðila var gert að greiða varnaraðilum, Halldóru Jónsdóttur og Unni Maríu Figved, málskostnað, að fjárhæð 50.000 krónur, auk virðisaukaskatts í máli varnaraðilanna á hendur sóknaraðila og fleirum, en það mál féll að öðru leyti niður. Sóknaraðili vísar ekki til lagaákvæða um kæruheimild. Hann krefst, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá leið, að málskostnaður, sem var ákveðinn þar, verði felldur niður eða lækkaður stórlega. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilanna sam-eiginlega.

Varnaraðilar, Halldóra Jónsdóttir og Unnur María Figved, lýstu yfir kærú á fyrrnefndum úrskurði 25. október 1994. Þær krefjast þess aðallega, að sér verði dæmdur málskostnaður sameiginlega úr hendi sóknaraðila ásamt Leó E. Löve, Birgi Páli Jónssyni, Jóni Guðmundssyni og Eygló Guðmundsdóttur og að málskostnaður verði hækkaður verulega. Til vara krefjast þær þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast þær kærúmálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Leó E. Löve krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum varnaraðila, Halldóru og Unnar Maríu, og að þeim verði gert að greiða sér kærúmálskostnað, sem verði dæmdur með álagi vegna til-fnislauss málskots.

Birgir Páll Jónsson og Jón Guðmundsson krefjast þess aðallega, að kröfum varnaraðila, Halldóru og Unnar Maríu, verði vísað frá Hæstarétti og sér verði dæmdur kærúmálskostnaður úr hendi varnaraðila. Til vara krefjast þeir sýknu af kröfum varnaraðilanna og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eygló Guðmundsdóttir krefst þess aðallega, að „kæra Halldóru Jónsdóttur og Unnar Maríu Figved til Hæstaréttar verði ekki tekin til meðferðar fyrir réttinum“ og þeim verði gert að greiða sér kærúmálskostnað, en til vara krefst hún sýknu af kröfum þeirra og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkrafa varnaraðila, Halldóru og Unnar Maríu, í héraði var sú, að öðrum aðilum að málinu yrði gert sameiginlega að greiða þeim skuld, að fjárhæð 75.316 krónur, ásamt vöxtum og málskostnaði. Undir rekstri málsins var skuldin greidd varnaraðilum að öðru leyti en krafa þeirra um málskostnað, og gekk hinn kærði úrskurður um þá kröfu.

Ef dómur hefði gengið í héraði um kröfuna, sem varnaraðilar sóttu í málinu, væri skilyrðum ekki fullnægt til að áfrýja þeim dómi nema með leyfi Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á þeim lögum. Samkvæmt eðli máls verður þeim ákvæðum jafnframt beitt um málskot þetta, sbr. einnig 4. mgr. 150. gr. sömu laga. Ber því að vísa málinu í heild sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að aðilar beri hver um sig kostnað sinn af kærumálinu.

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 6. október 1994.

Úrskurður þessi er kveðinn upp að loknum málflutningi aðila um málskostnað, sem fram fór í dag, 6. október 1994.

Stefna í máli þessu var gefin út 12. apríl á þessu ári og málið höfðað með birtingu hennar 14. og 20. apríl. Það var þingfest 26. apríl.

Stefnendur eru Halldóra Jónsdóttir, kt. 100557-7119, Þórsögötu 19, Reykjavík, og Unnur María Figved, kt. 150335-3459, Garðastræti 43, Reykjavík. Stefnt er Leó E. Löve, kt. 250348-2969, Klapparstíg 1, Reykjavík, f. h. Ísafoldarprentsmiðju, kt. 660169-0329, og einnig persónulega ásamt Birgi Páli Jónssyni, kt. 160251-3609, Sjávargrund 10, Garðabæ, Jóni Guðmundssyni, kt. 200442-2539, Hegræsi 24, Garðabæ, og Eygló Guðmundsdóttur, kt. 031249-4309, Breiðvangi 34, Hafnarfirði, öllum óskipt, til greiðslu á 60.495 kr. og 14.821 kr. í virðisaukaskatt auk dráttarvaxta frá 1. janúar 1994 skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 60.495 kr. Stefnendur krefjast enn fremur málskostnaðar að mati dómsins og virðisaukaskatts af honum.

Útivist varð þegar við þingfestingu af hálfu Ísafoldarprentsmiðju hf. og Leós E. Löve, en stefndu Birgir Páll, Jón og Eygló tóku til varna.

Stefndu Birgir Páll Jónsson og Jón Guðmundsson gerðu þá kröfu aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að þeir yrðu sýknaðir af öllum kröfum stefnenda. Þeir kröfðust þess jafnframt, að stefnendum yrði dæmt in solidum að greiða sér málskostnað að mati dómsins, er bæri 24,5% virðisaukaskatt ofan á málflutningsþóknun.

Stefnda Eygló Guðmundsdóttir krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi og að sér yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins. Til vara krafðist hún þess, að hún yrði sýknuð af öllum kröfum stefnenda og sér dæmdur málskostnaður. Hún krafðist virðisaukaskatts ofan á málflutningsþóknun.

— — —

Í þinghaldi 13. september sl. skýrði lögmaður stefnenda frá því, að Eiríkur Rafn Magnússon, sem væri í þann veginn að kaupa hús Ísafoldarprentsmiðju hf. ásamt fleirum, hefði greitt sér stefnukröfu í máli þessu. Fyrir hönd stefnenda félli hann því frá kröfum í málinu nema kröfunni um málskostnað. Í dag skýrði lögmaður stefnenda frá því, að Eiríkur Rafn hefði greitt sér stefnukröfuna með 60.495 kr. og 6.100 kr. í dráttarvexti og 14.000

kr. í virðisaukaskatt. Vegna forfalla lögmanns stefndu Birgis Páls Jónssonar og Jóns Guðmundssonar, Guðmundar Markússonar hrl., var málflutningi um málskostnað frestað þangað til í dag.

Stefndu, þau sem til varna hafa tekið, eru ásamt Leó E. Löve stjórnarmenn í Ísafoldarprentsmiðju hf. Í málflutningi um málskostnað var að ósk dómara fjallað um þann þátt málsins, hvort stefndu væru persónulega ábyrg fyrir stefnukröfunni, svo sem fram er haldið í stefnu, og er þar vitnað til 1. mgr. 132. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 þessu til stuðnings. Þessu mótmæla stefndu. Telja þau, að tilvitnað lagaákvæði verði ekki túlkað svo, að stefndu verði samkv. því gerð persónulega ábyrg fyrir stefnukröfunni. Hefði því átt að sýkna þau, ef málið hefði gengið til efnisdóms.

Í málflutningi í dag vísaði lögmáður stefnenda máli sínu til stuðnings í 134. gr. hlutafélagalaga, þar sem í máli þessu væri um fjárdrátt að ræða.

Dómari fellst á það með stefndu Eygló Guðmundsdóttur, Birgi Páli Jónssyni og Jóni Guðmundssyni, að þau hefði átt að sýkna af kröfu stefnanda, ef efnisdómur hefði gengið í málinu. Hið sama gildir um stefnda Leó E. Löve persónulega. Ekki liggur fyrir í máli þessu, að um saknæma háttsemi stefndu hafi verið að ræða.

Athuga ber, að ekki var úrskurðaður málskostnaður, þegar skorið var úr um frávísunarkröfu stefndu, heldur ákveðið, að hann skyldi biða lokaniðurstöðu í málinu.

Að framanrituðu athuguðu þykir dómara rétt, að stefnda Ísafoldarprentsmiðja hf. greiði stefnendum 50.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts, en málskostnaður falli að öðru leyti niður í máli þessu, enda telur dómari, að 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 eigi ekki við um málshöfðun stefnenda á hendur stefndu Leó E. Löve, Birgi Páli Jónssyni, Jóni Guðmundssyni og Eygló Guðmundsdóttur.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnda, Ísafoldarprentsmiðja hf., greiði stefnendum, Halldóru Jónsdóttur og Unni Maríu Figved, 50.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður í máli þessu.